

*Lög um breyting á lagaákvæðum um verðtolla*, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 40.

*Lög um breyting á lögum nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður*, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 41.

*Auglýsing um viðskiptaákvæði milli Íslands og Argentínu*, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 16. júní 1939, nr. 42.

109 **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í**  
10. júlí **Barðastrandarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar á Hvalskeri í Rauðasandshreppi.**

Með bréfi, dags. 28. apríl þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkun verzlunarlóðarinnar á Hvalskeri í Rauðasandshreppi ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Hvalskeri í Rauðasandshreppi, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

1. Lóðin er suðvestur upp af Skershlein, þar sem hús kaupfélags Rauðasands standa.
2. Að norðvestan: Skershlein til sjávar, bein lína eftir netgirðingu.
3. Að suðvestan: Netgirðing.
4. Að suðaustan: Netgirðing og bein lína eftir henni til sjávar.
5. Að norðaustan: Sjórin.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppsins kostnað að glöggum merkjum á takmörkun verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

110 **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins**  
10. júlí **í Barðastrandarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar á Suðureyri í Tálknafjarðarhreppi.**

Með bréfi, dags. 28. apríl þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkun verzlunarlóðarinnar á Suðureyri í Tálknafjarðarhreppi ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Suðureyri í Tálknafjarðarhreppi sett eftir framangreindum lögum og meðfylgjandi uppdrætti, svo sem hér segir:

1. Lóðin er á sunnanverðri eyrinni.
2. Að norðan: Girðingin og verksmiðjuhúsið.
3. Að vestan: Girðingin í steypuþótt, þaðan bein lína í merkistein við girðinguna.
4. Að sunnan: Girðingin til sjávar.
5. Að austan: Sjórin.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppsins kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi. 110  
10. júlí

**Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar í Haga í Barðastrandarhreppi.** 111  
10. júlí

Með bréfi, dags. 28. apríl þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Haga í Barðastrandarhreppi ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Haga í Barðastrandarhreppi, sett eftir framangreindum lögum og meðfylgjandi uppdrætti svo sem hér segir:

1. Lóðin er norðvestur upp af lendingunni við Hagasjóinn þar sem sláturhús Barðstrendinga stendur.
2. Að vestan: Lækur frá flæðarmáli 150 metra upp að tjörn.
3. Að norðan: Frá tjörninni fylgi neðri brún hennar og fram með laut og þaðan bein lína í merki í norðausturhorni.
4. Að austan: Umgetið merki og bein lína í annað merki fyrir ofan sjávarmál, þaðan bein lína til sjávar fyrir austan fjörolendinguna.
5. Að sunnan: Sjórin.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppsins kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

**Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar á Lambeyri í Tálknafjarðarhreppi.** 112  
10. júlí

Með bréfi, dags. 28. apríl þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar á Lambeyri í Tálknafjarðarhreppi ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Lambeyri í Tálknafjarðarhreppi, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

1. Lóðin er þar sem bæjarhúsin á Lambeyri standa.
2. Takmörk lóðarinnar ákveðast þannig: Frá neðri enda götusneiðings utan við eyrina upp á svokallað Leiti, fram með sjónum hundrað metra, mælt frá stórstraumsflæðarmáli og inn að læknum utan við býlið Stekkjarbakka.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl